

HEILRÆÐI SVEPPAÆTUNNAR



Veljið þurrt veður nokkrum dögum eftir regn, verið vel búin til útivistar, með kórðu undir sveppina og lítinn beittan hníf. Í þjóðskógum og flestum reitum skógræktarfélaga er öllum heimilt að tína sveppi en fáíð leyfi ef landið er í einkaeign. Gangið ávallt vel um og skemmið hvorki trjáplöntur né gróður. Safnið þéttum, ungum og heilbrigðum sveppum en látið of gamla og of unga sveppi standa áfram á sínum stað. Setjið óþekktu sveppi sem gætu verið eittraðir ekki beint í matsveppakörfuna heldur fyrst í bréfpoka eða plastbox.



Það er gaman að tína sveppi í matinn

Hafið ávallt í huga:

- 🍄 Borðið aðeins þær tegundir sem þið þekkið og eru góðir matsveppir.
- 🍄 Tínið unga og ferska sveppi og matreiðið þá áður en þeir skemmast.
- 🍄 Geymið svepparétti ekki lengur en einn dag í kæli því sveppir endast illa og skemmast fljótt.
- 🍄 Ekki er gott að sveppir séu yfir þriðjungur af magni matar í svepparéttum. Sveppir geta verið tormeltir.
- 🍄 Borðið **alls ekki** sveppi sem einhver vafi er á að séu ætir – við eigum bara eitt líf.
- 🍄 Byrjið varlega á nýjum tegundum og borðið lítið í fyrstu skiptin. Sumir hafa ofnæmi fyrir göðum matsveppum.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda, líffræði og vistfræði. Starfsstöðvarnar eru tvær; á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Náttúrufræðistofnun hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf um friðlýsingu lands og tegunda en einnig um veiðipól fuglastofna svo sem rjúpna og gæsa. Á Náttúrufræðistofnun eru varðveitt í vísindasöfnum eintök af tegundum dýra og plantna, steinda og bergtegunda, sem fundist hafa á Íslandi.

Meginviðfangsefni náttúruvísindamanna sem starfa á Náttúrufræðistofnun er að skrá og kortleggja náttúru landsins og fylgjast með breytingum sem þar verða.

Á Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands eru varðveitt a.m.k. 15.000 sýni af íslenskum sveppum í plöntu- og sveppasafni stofnunarinnar. Þar er einnig sérhæft safn bóka og vísindagreina í sveppafræði. Í Plöntuvefsjá NÍ má sjá útbreiðslu sveppa á Íslandi en vefsjáin byggir að mestu á sýnum úr safninu. Stöðugt er unnið að því að safna upplýsingum um fungu Íslands, tegundasamsetningu og útbreiðslu tegunda ásamt því að bæta sýnum í safnið.

<http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>
<http://www.ni.is/grodur/Flora/Sveppir/>

Vísindavaka 23. september 2011

Texti: Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

Yfirlstur: María Harðardóttir

Myndir: Erling Ólafsson (8), Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir (7)

Uppsetning og teikningar: Anette Theresia Meier




NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

SVEPPIR ALLS STAÐAR




SVEPPIR Í RÍKI SÍNU



Sveppir eru nú flokkaðir í sérstakt ríki, **svepparíkið**. Þeir eru heilkjarna og ófrumbjarga því þeir eru án grænukorna og ljóstillifa ekki. Í staðinn draga þeir í sig næringu uppleysta úr umhverfinu inn í þráðlaga líkama sinn. Stöku sveppir eru þó einfruma. Sveppir tengjast öðrum lifverum, hýslum sínum, hýslinum ýmist til gagns eða tjóns. Sveppir finnast nánast alls staðar þar sem líf er að finna en sjást sjaldnast nema rétt á meðan þeir fjölga sér en þá vefa þeir **aldin** úr sveppþráðum. Aldin er það sem við köllum sveppi en í þeim myndast gróin sem dreifast út í veröldina.

Í heiminum eru skráðar um 100.000 tegundir sveppa en þar af eru eru fléttur og fléttuháðir sveppir nálægt 20.000. Reiknað hefur verið út að líklega séu sveppirnir mun fleiri eða 1.500.000 tegundir! Á Íslandi eru skráðar nálægt 3.000 tegundir, þar af eru fléttur og fléttuháðir sveppir 850. Á hverju ári bætast nokkrar tegundir við.





Reyðihnefja, blína og ljúflekta í íslenskri náttúru.

LÍKAMI SVEPPS

Líkami sveppa er gerður úr þráðum sem oftast eru afar grannir og geta borað sér inn í ótrúlega litlar glufur. Síðan gefa þeir frá sér efni sem melta eða brjóta niður næringuna sem þeir sjuga upp í þræðina og vaxa svona áfram étandi.

Sveppir æxlast ýmist kynjað eða vankyns og fjölga sér með gróum. Sveppir og gró þeirra geta borist milli staða með plöntum, dýrum og jarðvegi, auk þess sem gró berast langar leiðir með loftstraumum.



Sveppþráðir og sveppþráðastrengir fúasveppsins bleikskænis, *Peniophora incarnata*, á yfirborði viðar.

LÍFSSTÍLL SVEPPA

Sveppi má flokka eftir lífsstíl þeirra.

Rotsveppir

nærast á leifum dauðra plantna eða dýra og valda fúa eða rotnun í þeim. Mikill meirihluti sveppa eru rotsveppir og má þar nefna fúasveppi, jarðvegssveppi og taðsveppi. Á mynd má sjá grámyglu, *Botrytis cinerea*, á íslensku jarðarberi.



Sníkjusveppir

eru þeir sveppir sem lifa í eða á hýsli sínum og valda honum oftast einhverjum skaða. Dæmi um þetta eru ryðsveppir, sotsveppir og lyngroðasveppir auk fjölmargra asksveppa og vankynsstiga þeirra. Þessi dauða fluga hefur orðið flugumyglu, *Entomophthora muscae*, að bráð en ljósu rendurnar á afturbol eru gróberar sníkilsins. Gró sem spirar á flugu borar sér inn í líkama hennar og dreifir sér um hann. Eftir viku deyr flugan og flugumygla myndar gró.



Samlífssveppir

kallast þeir sveppir sem lifa á eða í öðrum lifandi verum eða í nánum tengslum við þær og sambýlið gagnast báðum. Svepprótsarsveppir tengjast rótum plantna, fá orkurík kolvetni en láta frá sér steinefni og vatn.



Lerkisveppur, *Suillus grevillei*, pípusveppur sem myndar svepprótt sem myndar svepprótt með lerki.



Rótarkerfi ungrar greniplöntu þar sem rötarendar hafa tengst með lerki.